

Að þessu athuguðu þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Priðjudaginn 22. október 1957.

Nr. 114/1955. Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd.

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinssyni

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðs-dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1955 og krafizt þess:

Að stefndu verði dæmt óheimilt að selja þrjónaðar fatnaðarvörur með vörumerkinu Woosley.

Að stefndu verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir athæfi þeirra, það er greint sé í málinu.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum bætur fyrir tjón hans af athæfi þeirra, þó eigi undir kr. 1000.00.

Að dæmt verði upptækt það af vöru stefndu, þeirri er í málinu greinir, sem enn kann að finnast í vörzlum þeirra.

Að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Því er lýst í máli þessu, að fyrirtæki í Tennessee í Bandaríkjunum, að nafni Woosley, hafi framleitt kvensokka þá með merkinu Woosley, er áfrýjandi telur stefndu óheimilt að selja hér á landi. Allar skýrslur brestur í málinu um fyrirtæki þetta, svo sem um það, hversu lengi það hefur verið rekið með nafninu Woosley, hvar og hvenær það hefur verið skrásett, sé því að skipta, hvar það selur varning sinn og hvort nokkur átök hafi áður orðið milli þess og áfrýjanda út af vörumerkinu. Þá sést eigi, að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins Woosley hafi verið gert viðvart um málssókn þessa.

Áfrýjandi hefur krafizt refsingar á hendur stefndu og svö upptöku á varningi, sem málið er risið af og enn kann að finnast í vörzlum þeirra, en eigi hefur hann tilfært lög, er veiti honum aðild eða heimild til slíkrar kröfu, sbr. 115. gr. laga nr. 27/1951 per analogíam.

Þá tilgreinir áfrýjandi eigi hámark þeirra skaðabóta, sem hann telur sig eiga tilkall til úr hendi stefndu, enda þótt hafa beri uppi í máli kröfu um ákveðna fjárhæð, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en fyrir munnlegan málflutning í héraði, sbr. áður 5. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832 og nú 88. gr. laga nr. 85/1936.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að mál þetta hefur verið rekið og flutt í héraði með þeim hætti, að mjög brýtur í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málalíbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Gústaf A. Sveinsson f. h. Wolsey Ltd.,

greiði stefndu, Einari Ágústssyni og Kristjáni Þorsteinsyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. maí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður hér í bæ f. h. firmans Wolsey Ltd., Leicester í Englandi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. maí 1954, gegn eigendum firmans K. Þorsteinsson & Co. hér í bænum, þeim Kristjáni Þorsteinssyni stórkaupmanni, Skógargærði 6, og Einari Ágústssyni stórkaupmanni, Skólavörðustíg 24, báðum í Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 7. desember 1946 var skrásett hér á landi fyrir umbjóðanda stefnanda orðið VOLSEY sem vörumerki fyrir þrjónaðar fatnaðarvörur. Var skrásetningin auglýst í 68. tölublaði Lögbirtingablaðsins, sem út kom 31. desember 1948. Við skrásetninguna mun í vörumerkið hafa misritast V í staðinn fyrir W, en það hefur ekki verið leiðrétt. Veturinn 1952—1953 flutti firmað K. Þorsteinsson & Co., en stefndu Kristján og Einar eru einkaeigendur þess, inn og seldi til verzlana hér á landi 100 tylftir af kvensokkum með merkinu: WOOSLEY. Sumarið 1953 seldi firmað hér í viðbót 250 tylftir af kvensokkum með merki þessu, en fyrirtæki það, sem framleiðir sokkana heitir Woosley og á heimilisfang í Tennessee í Bandaríkjunum.

Stefnandi telur, að merkið á kvensokkunum sé svo líkt fyrrgreindu vörumerki sínu, að merkjunum verði auðveldlega ruglað saman, og njóti hann því ekki fullrar verndar fyrir vörumerki sitt. Þá heldur hann því fram, að stefndu hafi með áðurgreindu atferli sínu gerzt brotlegir við 13. og 14. gr. laga nr. 43 frá 1903 og 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

að stefndu verði dæmdir til þyngstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir ofangreint athæfi sitt,
að þeir verði dæmdir til að greiða honum bætur fyrir allt það tjón, sem hann hefur beðið eða kann að bíða af þessu efni,
að því verði slegið föstu með dóminum, að upptækt skuli gera það af vörunni, sem enn kann að finnast í vörzlum stefndu,
að stefndu verði dæmt óheimilt að selja vöru með umræddu merki, og

að þeir verði dæmdir til að greiða honum kostnað sakarinnar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Reisa þeir sýknukröfuna á því, að þeir hafi í engu brotið af sér með sölu umræddra kvensokka, merkið á þeim sé ekki svo líkt hinu skrásetta vörumerki stefnanda, að hætt sé við, að merkjunum verði ruglað saman.

Svo sem áður er sagt, er orðið Woosley heiti á fyrirtæki því, sem framleiðir umrædda kvensokka. Það er að vísu svo, að nokkur líking er með heiti þessu og heiti stefnanda, sem skrásett hefur verið sem vörumerki hans hér á landi. En eigi verður talið, að heiti þessi eða orð séu svo lík, að almennt sé hætta á því, að á þeim verði villzt. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Árna Árnasyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Þorsteinsson og Einar Ágústsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. firmans Wolsey Ltd., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
